

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 86/2000

frá 27. október 2000

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2000 frá 2. ágúst 2000⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 174 frá 20. apríl 1999 um túlkun á 22. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 1408/71⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 175 frá 23. júní 1999 um túlkun hugtaksins „aðstoð“ þegar um er að ræða veikindi eða meðgöngu og fæðingu samkvæmt 19. gr. (1. og 2. mgr.), 22. gr., 22. gr. a, 22. gr. b, 25. gr. (1., 3. og 4. mgr.), 26. gr., 28. gr. (1. mgr.), 28. gr. a, 29. gr., 31. gr., 34. gr. a og 34. gr. b í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og um útreikning upphæða til endurgreiðslu samkvæmt 93., 94. og 95. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 og til fyrirframgreiðslu samkvæmt 4. mgr. 102. gr. sömu reglugerðar⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 250, 5.10.2000, bls. 46 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 44, 5.10.2000, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 47, 19.2.2000, bls. 30.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 47, 19.2.2000, bls. 32.

1. gr.

Eftirfarandi liðir komi á eftir lið 3.52 (ákvörðun nr. 173) í VI. viðauka við samninginn:

„3.53 **32000 D 0141**: Ákvörðun nr. 174 frá 20. apríl 1999 um túlkun á 22. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 1408/71 (Stjtið. EB L 47, 19.2.2000, bls. 30).

3.54 **32000 D 0142**: Ákvörðun nr. 175 frá 23. júní 1999 um túlkun hugtaksins „aðstoð“ þegar um er að ræða veikindi eða meðgöngu og fæðingu samkvæmt 19. gr. (1. og 2. mgr.), 22. gr., 22. gr. a, 22. gr. b, 25. gr. (1., 3. og 4. mgr.), 26. gr., 28. gr. (1. mgr.), 28. gr. a, 29. gr., 31. gr., 34. gr. a og 34. gr. b í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og um útreikning upphæða til endurgreiðslu samkvæmt 93., 94. og 95. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 og til fyrirframgreiðslu samkvæmt 4. mgr. 102. gr. sömu reglugerðar (Stjtið. EB L 47, 19.2.2000, bls. 32).“

2. gr.

Texti ákvarðana nr. 174 og nr. 175 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. október 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

G. S. Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes

E. Gerner